

6. gr.

Stjórn sjóðsins hafi fund með sér í septembermánuði ár hvert og oftár, ef þörf er á. Skal hún á fundum sínum ræða um og ákveða styrkveitingar samkvæmt ákvæðum 3. greinar, staflaðum A, B, C og D. — Hún sækir um fé handa sjóðnum úr sveitarsjóði, samkv. D-lið 3. greinar og leggur fyrir almennan sveitarfund (janúarfund) áætlun um styrkveitingar úr sjóðnum yfirstandandi ár.

Stjórnin haldi gerðabók og færi í hana allar fundargerðir og ályktanir. Hún haldi reikningabók, er í séu ritaðir allir reikningar sjóðsins. Hún færi og minningabók, er í séu skráðar allar minningargjafir og æfiágreip þeirra, sem minnst er, stutt en greinilegt.

Stjórn sjóðsins annist um að fé sjóðsins sé ávaxtað í tryggum peningastofnunum, ríkisskuldabréfum eða bankavaxtabréfum.

7. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

8. gr.

Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík
frá 23. september 1936.

30

27. apríl

Samkvæmt lögum nr. 100 23. júní 1936, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Til þess að verða tekinn í skólann, ber umsækjanda að leggja fram vottorð um $\frac{3}{4}$ hluta þess siglingatíma, sem krafist er í lögum um atvinnu við siglingar, til þess að geta fengið það stýrimannsskírteini, sem prófið veitir. Þetta ákvæði nær þó eigi til þeirra, sem lesa vilja undir hið minna fiskimannapróf. Við inntöku nemenda í undirbúningsdeild hins meira fiskimannaprófs, skal miðað við þann siglingatíma, sem krafist er til þess að fá hið meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi.

Til þess að verða tekinn í deild þá, er býr menn undir skipstjórpróf á varðskipum ríkisins, skal umsækjandi hafa lokið farmannaprófi með ekki lægra en meðaleinkuninni 6.

Hafi prófsveinn eigi nægan siglingatíma til þess að fá viðeigandi stýrimannsskírteini strax að afloknu prófi, skal siglingatími hans, talinn í mánuðum og þriðugustu hlutum úr mánuði, skráður á prófvottorðið með tölum og bókstöfum.

Allan siglingatíma á skipi yfir 15 rúml. skal sanna með sjóferðabók. Annan siglingatíma skal sanna með vottorði skráningarstjóra.

2. gr.

11. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Kennslustundafjöldi skólastjóra og kennaranna ákveður ráðuneytið.

24. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
Skipting tímans á viku milli námsgreinanna.

Námsgreinar:	Nemendadeild undir hio minna fiskmannapróf	Nemendur til hins meira fiskmannaprófs og farmannaprófs, Fyrsti bekkur	Síðari bekkur nemenda hins meira fiskmannaprófs	Farmanna- prófs- nemendur		Nemendadeild skipsfjóræfna á varðskipum
				Annar bekkur	Þriðji bekkur	
Stærðfræði	5	12	2	3	2	3
Siglingafræði	16	3	10	9	10	»
Íslenska	4	4	4	3	3	»
Danska	»	3	3	2	2	»
Enska	»	3	3	3	2	3
Þýzka	»	4	»	3	2	3
Sjóréttur	2	»	2	2	1	»
Heilsufræði	2	1	1	1	1	»
Bókhald	»	1	1	1	1	»
Viðskiptafræði	»	»	1	»	1	»
Eðlisfræði	»	1	1	1	1	»
Vélfræði	»	»	2	2	2	»
Landafræði, veðurfræði	»	»	1	1	1	»
Sjómennska	7	6	5	7	9	»
Stórskotafraedi	»	»	»	»	»	3
Ljósfræði	»	»	»	»	»	1
Mælingafræði	»	»	»	»	»	1
Alþjóðaréttur	»	»	»	»	»	2
Alþjóðamerki	»	»	»	»	»	4
Líkamsæfingar	»	1	1	1	1	3
Samtals á viku	36	39	39	39	39	23

Ennfremur er öllum fiskimanna- og farmannaprófsnemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í sjómennsku tvisvar á mánuði. Þessir nemendur skulu og njóta tilsagnar í björgun úr sjávarháska, eigi sjaldnar en einu sinni á mánuði.

Heimilt er skólastjóra að fella niður kennslu í sjóvinnu síðari hluta vetrar, en þó eigi fyr en í lok janúarmánaðar.

Færa má til stundafjölda í námsgreinum hverrar deildar, ef þess er þörf.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. apríl 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.